AFSTÖÐUMYND 1:5000

HRINGRÁS

Stærsti almenningsgarður Íslands mun byggjast upp með Langasandi, Jaðarsbökkum, Sólmundarhöfða og Leynisfjöru á Akranesi. Þar munu ungir sem aldnir geta spókað sig, iðkað tómstundir, notið menningar, samveru og náttúru á öllum tímum dags, árið um kring í sem mestu og bestu líkamlegu og sjónrænu sambandi við strönd og vatn í fjölbreyttri mynd. Eftir að himnarnir opnast seytlar vatnið hægt í gegnum hvilftir þar sem tré drekka vatnið, vaxa og munu veita skjól og í gegnum tjarnir, þar sem plöntur hreinsa vatnið. Allt þetta verður til að seinka vatninu á vegferð þess til sjávar og nýta það á leiðinni, ekki minnst til ánægju og vellíðunar vegfarenda. Vegna ógnaröflugrar haföldu er óraunhæft að setja flotbryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram, en við mótum grjótgarðinn með innbygggðum byggingum og vík sem hleypir vatni lengra inn á svæðið, auðveldar aðgengi og býður upp á fjölbreyttara landslag.

Hringrásarhugsunin miðar að vistvænni framtíð þar sem allt nýtist og ekkert fer til spillis. Kostir sem eru til nú þegar skulu varðveittir og styrktir og miðlæg algild hönnun (sem ekki bara er hliðarkostur) tryggir góða nýtni og stendur fyrir jöfn tækifæri. Margnota innviðir með sveigjanlega notkunarmöguleika, meiri þægindi og betri lýsing í skammdeginu stuðlar að fjölbreyttri starfsemi sem býður heim fjölbreyttu mannlífi allt árið. Ytri breytingar eru í takti við þetta: Akranes er mikilvægur hlekkur í vaxandi höfuðborgarsvæði og samkeppnissvæðið gæti -ef nýta á einstök landgæði- orðið miðlægari þungamiðja á fjölmennara Akranesi. Fólksfjölgun og þörf fyrir viðspyrnu í löftslagsmálum með tilheyrandi bættum almenningssamgöngum munu gera samkeppnissvæðið aðgengilegra fyrir fleiri gesti utan að, sem einnig geta glætt svæðið lífi og ýtt undir enn frekari viðskiptatækifæri.





Byggingar með aðdráttarafl eru staðsettar meðfram boga frá Sementsreit og út í Leynisfjöru verður hin nýja hrygglengja sem býður upp á skilvirka tengingu fyrir bíllausa vegfarendur á leið gegnum svæðið.



Ný tómstundatækifæri, starfsemi og byggingar raðast meðfram tengingunni, sem stuðlar að hringrá fólks kringum svæðið og vísar veginn til annarra útivistasvæða.



Grænar tengingar - blágrænar ofanvatnslausnir, endurheimt votlendis og sölvafjörur.



Nýbyggingar á samkeppnissvæðinu stuðla að skjólmyndun, efla félagslega nánd og yfirsýn. Svæðið nýtist betur og gæðir það lífi allan sólarhringinn, og gerð garðsins er fjármögnuð án þess að nýtt land sé brotið eða gengið verði á núverandi not.

Gott aðgegni þvers og kross um svæðið skapar margbreytilega upplifun og sjónlínur.



Þrettánhundruð kílómetra skokkbraut liðast kringum regngarða, sjávarfallalaug og sandleiksvæði, með síbreytilegu aðgengi milli flóðs og fjöru. 'Slaufurnar' bjóða upp á ólíkar upplifanir í æfingatörninni og skiftingu fyrir fleiri hópa, 100m braut er undir þaki meðfram efri fótboltavellinum.

Svæði með regnbeðum og trjágróðri sem taka við afrennsli af yfirborði með náttúrulegum hætti. Smærri íþróttavellir upplifast sem rjóður í þessum grænu eyjum með fjölbreyttu lífríki manna, plantna og dýra.

Gamlir og nýjir vellir + nýjar byggingar ganga ekki á pláss núverandi fótboltasvæðis.

Fáeinar borgir skarta glæsilegum ströndum, og við leggjum til að Akranes geri eina slíka að vinabæ - hvað með Rio De Janeiro, sem einnig er fræg fyrir fótbolta? Hefð er virðisauki og glæst fortíð er ómetanleg - sjálfsagt er að hönnun svæðisins endurspegli þetta. Mikilvægt sem breiðastur hópur (en ekki bara knattspyrnufólk) njóti svæðisins og geri það að sínu í rútínu daganna, enda mun sem fjölbreyttust þjónusta bjóða upp á hagnýta samnýtingu.

Ólíkir afþreyingarmöguleikar laða að fleiri notendur sem gefa svæðinu meiri tekjur til uppbyggingar þar sem landgæði og sérstaða svæðisins er nýtt til fulls. Við skiptum svæðinu niður í ólík þemu og röðum atriðum þar sem þau passa best, meðfram strandstíg sem bindur svæðið saman meðfram ströndinni, og bogalaga ferli sem sker sig í gegnum svæðið, býður upp á hringrás kringum svæðið og tengir það við Sementsreitinn, alla leið niður á Breiðina.

Vestast verður sérhönnuð aðstaða fyrri dreka, bretti, og kajaka. Grasbalar upp frá stígnum austurúr bjóða upp á að settar séu upp einfaldar byggingar í anda hinnar vistvænu íslensku byggingarhefðar – torfhús af ólíkum stærðum, sem geta nýst fyrir ólíka starfsemi eins og einfalda en einstaka gistingu fyrir ferðamenn og aðstöðu sem ýtir enn meira undir hið blómlega tónlistarlíf á Akranesi og flottan tónlistarskóla í nágrenninu.

Endurnýting og góð nýting innviða er lykilatriði fyrir kolefnisjöfnun og tími er kominn til að hið illa nýtta útisvið, með einu fegursta útsýni landsins úr bogalaga áhorfendabrekkunni, nýtist betur til að gefa fjölbreyttum menningaratburðum glæsilegan ramma.

Heilsulind með heilsuhóteli og 50m laug og útsýnispalli tengir sundlaugarnar efst á svæðinu við Guðlaugu og baðmenningu strandarinnar fyrir neðan. Vatns-þemað nær alla leið frá gosbrunni við götu, til nýrrar innilaugar, gömlu útilaugarinnar sem nýtist betur hinum sprækari með rennibrautum og látum, og sundfólkið fær nýja 50 metra laug með sjónrænni ‚óendanleikatengingu' til hafs, og loks niður að fleiri laugum með algildu aðgengi sem tengdar eru Guðlaugu með skábrautum og niður í sjó. Nýir útiklefar og aðstaða fyrir baðvörslu er bökuð inn í landslagið við ofanverða efstu skábrautina næst þeim systrum: Guðlaugu, Sigurlaugu og Áslaugu. Strandstígurinn ýtist upp að stúkunni, en undir pöllunum verði verslun og kaffihús og sýningarrými, gistimöguleikar uppi, útikaffihúsaðstaða fyrir framan og útsýnispallur uppi á klefunum. Hér aðskiljast strandstígur og hringrásin sem leiðir áfram upp í gegnum Jaðarsbakka. Við enda knattspyrnuhallarinnar mun verða gróðurhús með klifurvegg yfir allan gaflinn. Þar verður ræktað grænmeti og ávextir fyrir Akranesbúa, með jarðgerðarþjónustu og heitt affallsvatn verður endurnýtt. Byggingin veitir bæjarbúum birtu og yl í skammdeginu og beinir fólki áfram um svæðið og er bækistöð fyrir styttri og lengri göngu-, hlaupa- og hjólatúra: 1km, 3km, 5km 10km og upp í maraþon og fjallgöngu upp á Akrafjall. Þróuð verður vefsíða þar sem hægt er að sækja kort fyrir leiðir og upplagt er að skella sér í pott á eftir.

En fyrst, ferðin gegnum Jaðarsbakka með fjölbreyttri aðstöðu til íþróttaiðkunar auk tveggja fótboltavalla í fullri stærð og tveggja minni. Þetta er hluti hlaupabrautar sem að hluta til er undir þaki en þar er einnig inngangur til keilu og píluaðstöðu undir efri vellinum, ásamt daggæslu. Brautin liggur í slaufum – hringrásum af ólíkri stærð – alveg niður að sjó og upp í norðausturenda Jaðarsbakka. Þar er hægt að stytta sér leið út í Leynisfjöru þar sem verður Menningar og fræðasetur með gestafræðimannaíbúð, byggt inn í brimvarnargarðinn, kærkomið rými fyrir menningarstarfsemi, málstofur og móttökur með úrvalsútsýni – eða kringum Sólmundarhöfða sem fær fjölbreyttari íbúasamsettningu og leikskóla með áherslu á náttúrufræðslu utandyra, með aðstöðu í gróðurhúsi með gömlum bát inni í. Þetta er viðeigandi fyrir svæðið, sem vísar til fortíðar og framtíðar – að læra af gömlu nytjalandslagi í tilraunum um nýjan vistvænni heim, með fornsölu, endurnýtingarstöð og nytjamörkuðum í tengslum við Sólvang. Hér verða byggðir upp gamlir garðar, plöntur skoðaðar í grasagarði, og komið upp gráslepppuskúrum, spili til að draga inn smábáta - og húsdýragarður þar sem hægt er að klappa hænum og kanínum og leigja hesta til útreiða á sandinum. Byggð verður veitingaaðstaða við hjúkrunarheimilið, samnýtt með náttúrubarnaleikskólanum, og opin fyrir almenning. Þar snæða saman ungir og aldnir í bland við hipstera í endurnýttum fötum, og spjalla um hringrás lífsins.

Mannflóran er efld með ólíkum húsagerðum sem hæfa ólíkum fjölskyldugerðum. Fleiri tillögur sýna hvernig þetta er hægt án þess að skerða núverandi starfsemi með framúrskarandi lágri og þéttri íbúðarbyggð:

- Sexbýli úr 'kubbaeiningum' á þremur hæðum vestan íþróttamiðstöðvarinnar. Sveigjanlegt fjölbýli sem byggir á einingaþankagangi sem sæi einingaverksmiðjum Akraness fyrir uppbyggilegum verkefnum.

- Randbyggð við enda vallanna sem samnýtir ríkulega innviðauppbyggingu við Sólmundarhöfða, gefur skjól og bíður upp á þjálfunarmöguleika í tröppum gegnum þakgarða.

- Gistimöguleika gesta í lúxushóteli tengdu heilsulind, uppi á stúku, og í einföldum vistvænum smáhýsum og skálum og/eða torfhúsum meðfram ströndinni.

HEISLULIND OG HÓTEL
SNEIÐMYND A-A 1:200



Innilaug er staðsett bak við glervegg og sem snýr að götu og vegfarendum, en íþróttahús í vannýtta hvilft milli fótboltahallar og götu. Aðkoman verður hjartað, þar sem fólki er veitt um byggingarnar og þar verður heiðurshöll (hall of fame) sem getur innihaldið Íþróttasafn Íslands og kaffihús þar sem fjölskyldur og vinir geta hist eftir að hafa notið aðstöðunnar inni og úti. Héðan er fólki beint niður, í tengibyggingu undir opinni sjónlínu til sjávar til íþróttahúss og fótboltahallar, og upp, yfir opna sjónlínu þar sem eru skrifstofur fyrir íþróttamiðstöð. Efri álman gæti einnig hýst skrifstofur skólans og bæjarskrifstofur með besta útsýninu í bænum. Með aukinni fólksfjölgun verður óumflýjanlegt að byggja nýja skóla á Akranesi. Þá væri skynsamlegt að stækka skólann við Jaðarsbakka sem ekki þarf svo stórt útipláss þar sem hann er staðsettur næst einu stæsta útivistarsvæði landsins. Tillagan sýnir stækkun skólans inn á samkeppnissvæðið til að tengja skólann betur við svæðið og auka aðgengið.

38383


BÁTA OG BRETTAAÐSTAÐA
aðstaða fyrir kajaka, bretti, kófunargræjur, blaut- og þurr búninga, geymsla innandyra, leiga og þess háttar.
SEXBÝLI
Tólf sexbýlí, samtals 72 íbúðir, tveggja til fimm herbergja, frá 52m2 - 121m2, henta fjölbreyttum hópi á ýmsum aldri.
HEILSULIND / HÓTEL
tengist sundlaugaraðstöðu og hefur 50 metra langa útilaug - tómstundaklúbbur með hafmeyju- og fótboltaskóla er á jarðhæð. Heilsulindin gefur aðliggjandi svæðum skjól og völlurinn fær fleiri áhorfendapalla.Útisvæði hótelsins virkar sem útsýnispallur til að fá yfirsýn yfir hafsskilyrði áður en farið er út á brettum.
GRÓÐURHÚS
Samfélags-gróðurhús með klifurvegg, grænmetis og ávaxtaframleiðslu.
GRUNNSKÓLA-STÆKKUN FRAMTÍÐARINNAR
100 METRA YFIR-DEKKUÐ BRAUT
hlaupabraut er að hluta til undir þaki en þar er einnig inngangur til keilu-, píluaðstöðu og skóladaggæslu sem er byggt inn undir efri fótboltavellinum.
GESTALISTAMANNSHLAÐ
HJÓLABRETTI Á SUMRIN, SKAUTASVELL Á VETURNA
NÝJAR ÍBÚÐIR
SAMFÉLAGSMÖTUNEYTI
BÚKOLLA OG ENDURNÝTING
fornsala, endurnýtingarstöð, viðgerðar-þjónusta og nytjamarkaðir í tengslum við hjúkrunarheimili
"GLUGGI TIL SJÁVAR"
MENNINGAR OG VÍSINDASETUR,
byggt inn í brimvarnargarðinn - kærkomið sem vöntun er á höfuðborgarsvæðinu - rými fyrir menningarstarfsemi, málstofur og móttökur með úrvalsútsýni. Hér er einnig íbúð fyrir gestafræðimann.
TÓNLISTARLÍF
Æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir og upptökustúdíó
NÝ SKÁBRAUT
skábraut niður á ströndina (tröppur bjóða upp á slys í þessum aðstæðum).
BOGASVIÐ FYRIR HÁTÍÐIR
‚Þyrlurokk' og nýjar hátíðir þar sem fótboltahöllgætit.d.hýst heilu rokktónleikana á stundum - enda býr Akranes yfir mannauði sem kann að skipuleggja þess háttar, og Ísland frægt orðið fyrir tónlistarlíf.
BÚNINGS KLEFAR
útiklefar með útsýnispunkti uppá, og aðstaða fyrir baðvörð.
RENNIBRAUT
risastór súperrennibraut niður á strönd
TRAMPÓLÍNGARÐUR
(rauðir punktar) dreifast um svæðið og út í sjó. Þar eru áhöld fyrir fjölbreyttar fimleika-æfingar og mjúkir fletir til afslöppunar.
SÁNA
ALDA
GESTAGISTING Í SMÁHÝSUM
FLUGTAKSSVÆÐI FYRIR DREKABRETTAIÐKENDUR
nauðsynlegt pláss til að bretta út drekum til drekabrettasiglinga á flóði. Hér verður akkeri fyrir drekana. Staðsetningin er réttust m.t.t. vindalags.
RÓLA
úti í vatninu - tilvalinn staður til brúðarmynda
SIGURLAUGAR
fleiri laugar sem tengjast Guðlaugu en eru aðgengilegar fyrir alla með skábrautum alveg niður í fjöru
SJÁVARFALLALAUG
hér er hægt að tína og geyma krossfiska
NÝTT GIL MEÐ BRÚ YFIR
auðveldar aðgengi að ströndinni og dregur vatn inn á svæðið
VÖR
Með handsnúnu spili og gráslepuskúr
BARNABÓNDABÆR
hænur, kanínur og hestar
BÁTAKIRKJUGARÐUR
gamlir bátar fá hvíld og hverfa aftur til náttúrunnar
NÁTTÚRULEIKSKÓLI
fyrir náttúrubörn í gróður-húsi með báti inni í
FUGLASKOÐUNARTURN
VISTVÆNN LEIKSKÓLI
NÝ SKÁBRAUT
VETRARBEIT FUGLA
TILRAUNARÆKTUN MATAR ÚR SJÁVARFANGI


GRUNNMYND 1:200
"GLUGGI TIL SJÁVAR"
MENNINGAR- OG VÍSINDASETUR
wc
wc
wc
eldhús
skrif-stofur
fataherbergi
bókasafn ráðstefnurými sýningar
geymsla
veröND
gestaíbúð fræðimanns
svalir

ALDA
Alda er lítið torg meðfram göngu og hjólastígnum. Ölduform inni í skapar skjól frá austanáttinni og leik fyrir börn. Göngustígur og hjólastígur formast að takti öldunar og þar sem stígarnir skarast mynda þeir vasa sem sem aðskilur stígana, með sandfylltan botn og viðhaldsfrítt melgresi.

SNEIÐMYND C-C 1:200

Leikskóli
Menningar og vísindasetur
C
C
AFSTÖÐUMYND 1:500

38383